

21.tbl.

15. júní. 2022

29 árg.

Hlaupastelpan

Útgefandi og ábyrgðarmaður: Dagný Pétursdóttir-hlaupastelpan@isl.is - s: 8953386

17. júní í Safnahúsinu SKÁTASAGA



Sýning í tilefni af 110 ára afmæli skátabreyfingarinnar á Íslandi verður opnuð í listasalnum á jarðhæð

Gestir og gangandi eru hvattir til
að líta við í sumarblíðunni

Fritt inn á þjóðhátiðardaginn



Ávallt viðbúnn!



Hátíðarhöld í tilefni af þjóðhátiðardegi Íslendinga

verða haldin í Skjólbrekku 17. júní kl. 14:00.

Andlitsmálning fyrir börnin hefst kl. 13:30 og við hvetjum
fólk til að mæta tímanlega.

Að lokinni dagskrá grillum við pylsur og njótum
samverunnar.

Minnum á að ærslabelgur hefur verið settur niður við
Skjólbrekku og það er tilvalið fyrir börn og fullorðna að
ærslast á honum ☺

Kær kveðja,
Kvenfélag Mývatnssveitar

Þingeyjarskóli í Þingeyjarsveit

auglýsir eftir leikskólakennara/leikskólastarfsmanni í 50-60% starf við leikskóladeildina Krílabæ á Laugum í Reykjadal.

Staðan er áætluð frá og með 8. ágúst 2022.

Við leitum að starfsmanni sem:

- Treystir sér í faglega og metnaðarfulla vinnu
- Er lausnamiðaður
- Er sveigjanlegur og með góða samskiptahæfni
- Er sjálfstæður í vinnubrögðum og sýnir/býr yfir frumkvæði
- Hefur metnað til að takast á við ný og spennandi verkefni
- Vill taka þátt í samstarfi og teymisvinnu
- Ber virðingu fyrir börnum og hefur áhuga á að starfa með þeim

Þingeyjarskóli er samrekinn leik-, grunn- og tónlistarskóli með rétt um 100 nemendur. Þar af tæplega 30 leikskólanemendur á tveimur starfstöðvum. Áhersla er lögð á teymisvinnu og fjölbreytta kennsluhætti innan skólans sem og að skapa leik- og námsumhverfi sem auðgar bernsku barna og örvar þroska þeirra.

Lögð er áhersla á samvinnu og sameiginlega ábyrgð starfsmanna á verkefnum skólans.

Gerðar eru kröfur um mikla hæfni í mannlegum samskiptum, stundvísí og hreint sakavottorð.

Áhugasamir einstaklingar, án tillits til kyns, eru hvattir til að sækja um.

Umsóknarfrestur er til 1. júlí 2022.

Umsóknir skulu sendast á netfangið johannrunar@thingeyjarskoli.is

Nánari upplýsingar veitir Jóhann Rúnar Pálsson skólastjóri
í vs 4643580 /8990702 eða í gegnum

netfangið johannrunar@thingeyjarskoli.is eða Birna Óskarsdóttir
deildarstjóri Krílabæjar í vs. 4643315/8420050 eða í gegnum netfangið
birnao@thingeyjarskoli.is